

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skuldbindingu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur frá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:
  - a. réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast (áunnin réttindi),
  - b. réttinda sem sjóðfélagar hafa og munu öðlast með greiðslu iðgjalda, þ.e. framreiknuð réttindi (lífeyrisgreiðslur og kostnaður að frádregnum iðgjöldum)?Svar óskast sundurliðað eftir árunum 2012–2070 og skipt á þessa tvo lífeyrissjóði. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum, sbr. b-lið, og vöxtum umfram hækkun launa og hvað muni falla á launagreiðendur. Reiknað verði með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 2011.
2. Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða auk A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar?
3. Hvernig skiptist heildarskuldbinding að frádreginni eign sjóðanna á
  - a. ríkissjóð,
  - b. sveitarfélög,
  - c. aðra?
4. Hversu margir sjóðfélagar eiga réttindi hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, sem að verðmæti eru allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir allt að 4 millj. kr., o.s.frv. allt að 100 millj. kr., og hversu margir eiga réttindi þar yfir? Miðað verði við að „eign“ hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt áunnum réttindum hvers og eins.
5. Hver hefur verið árleg meðalávöxtun B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga umfram meðalhækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna árin 2002–2011? Hvaða ávöxtun er lögð til grundvallar útreikningnum?
6. Hversu margir greiddu til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga í lok 2011 og áunnu sér frekari réttindi?
7. Hvernig er heildariðgjald til A-deildar háð raunávöxtun miðað við framreikning eigna sjóðsins samkvæmt vísitölu neysluverðs (t.d. 4,5%, 3,5%, 2,5%, 1,5%)? Hvað þarf heildariðgjaldið að vera miðað við viðmiðunarvexti lífeyrissjóða, 3,5%, og hvert er það núna?

**Skriflegt svar óskast.**

---